
ÁRSSKÝRSLA ÆSKULÝÐSNEFNDAR 2019

Æskulýðsnefnd LH

Æskulýðsnefnd LH: Erla Tryggvadóttir, Karen Woodrow (formaður), Kristján Magni, Sigurlaug Anna Jóhannsdóttir, Sjöfn Sæmundsdóttir, Sóley Margeirsdóttir (fulltrúi stjórnar), Svanhildur Jónsdóttir, Þór Jónsteinsson og Þórdís Arnardóttir.

Miklar breytingar urðu á nefndinni eftir seinasta landsþing og fór fyrri hluti starfsársins í hugmyndavinnu og umræður um þau verkefni sem þyrfti að setja krafta okkar í. Nefndin hefur fundað eftir þörfum á síðasta starfsári.

Verkefni á starfsárinu

FEIF Youthcamp

Youthcamp eru sumarbúðir fyrir hestakrakka á aldrinum 14-17 ára á árinu og markmið þeirra er að krakkar frá aðildarlöndum FEIF kynnist hestamenningu hinna þjóðanna innan sambandsins og hitta ungt fólk með sama áhugamál. Að þessu sinni voru búðirnar haldnar á Íslandi og það var fyrrverandi formaður æskulýðsnefndar, Helga B Helgadóttir sem sá um skipulagninguna.

Sumarbúðirnar voru haldnar í Hestheimum dagana 7.-14. júlí en það voru 32 þáttakendur frá Aðildarlöndum FEIF.

Hlutverk æskulýðsnefndar er að vinna úr umsóknum og velja hvaða fulltrúar fara fyrir Íslands hönd. Það voru þrjár stúlkur sem urði fyrir valinu, þær Eva Kærnested, Birgitta Óska Káradóttir og Bryndís Kristinsdóttir. Tveir fulltrúar æskulýðsnefndar tóku þátt í Youthcamp. Karen Woodrow var með hópefli og fyrirlestra/æfingar í leiðtogafærni og Sjöfn Sæmundsdóttir fór sem Team leader og var íslenska hópnum innan handar.

Það er óhætt að segja að tengslamyndun hafi verið mikil, en stór hluti hópsins halda ennþá sambandi í dag. Við þökkum Helgu kærlega fyrir vel heppnað Youthcamp!

Young Leaders seminar 2019

Í Nóvember verður haldið fjórða Young Leaders seminar á vegum æskulýðsnefndar FEIF. Að þessu sinni verður það haldið í Hollandi. Námskeið er fyrir ungmenni á aldrinum 18 – 26 ára og er tilgangurinn að efla leiðtoga framtíðarinnar í æskulýðsstarfi og öðru sjálfbærliðastarfi.

Umsóknafresturinn til þátttöku er nú runnin út og verið er að velja þátttakendur fyrir hönd Íslands.

Æskulýðsbíkar

Á hverju ári kallar æskulýðsnefnd LH eftir skýrslum frá æskulýðsnefndum hestamannafélaga landsins. Þetta gefur okkur gott tækifæri til að fylgjast með hvað er að gerast í æskulýðsstarfinu um landi. Það er óhætt að segja að mörg félög eru að leggja mikið og gott starf í þágu nýliðun í hestamennsku.

Æskulýðsbíkar LH hefur veru afhentur frá árinu 1996 til þess að verðlauna gott starf. Nefndin velur handhafa Æskulýðsbíkar LH, en hann veittur því félagi sem skara hefur þótt framúr í æskulýðsstarfi síðastliðins starfsárs.

Skýrslurnar má lesa á heimasíðu LH undir æskulýðsmál.

Önnur verkefni

Haustin eru góður tími til þess að koma nýjum verkefnum af stað og er það ekki undantekning hjá æskulýðsnefndinni. Í hugmyndavinnu okkar síðast liðið haust komu margar góðar hugmyndir og nú er verið að vinna í því að koma þeim af stað. Hér eru önnur verkefni sem hefur verið unnið að, framtíðarverkefni og þau verkefni sem eru í stanslausri mótn.

Afreksmál

Á seinasta landsþingi var umræðu um afreksmál yngri flokka vísað til nefndarinnar. Formaður æskulýðsnefndar hefur fundað með verkefnastjórum LH þar sem hugmyndavinna hefur verið unninn að yngri afrekshópi LH. Þetta verkefni er nú í höndum starfsmanns LH.

Youthcup

Youtcup verður haldið í Danmörku sumarið 2020. Ísland hefur send þáttakendur á þessi skemmtilegu mót, en búast má við því að breyting verði á vali til þáttöku með tilkomu nýs afrekshóps LH:

Samstarf á milli Íslands og Færeyja

Unnið er að samstarfi á milli Íslands og Færeyja fyrir ungt hestafólk. Samtal er komið á milli nefndar og æskulýðsfulltrúa í Færeyjum.

Handbók æskulýðsnefnda

Þetta góða rit er í stöðugri uppfærslu en stefnt er að því að ný útgáfa sé tilbúin vorið 2020.

Hestaíþróttir 6 – 12 ára

Formaður nefndarinnar hefur fundað með stjórn LH í tengslum við þrepaskipt æfingakerfi í hestaíþróttum fyrir 6 – 12 ára. Verkefnið verður kynnt á formannsfundi og svo tekið til umræðu við æskulýðsfulltrúa félagana.

Fyrir hönd æskulýðsnefndar LH,

Karen Woodrow